

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 133/1040
komudagur 19.2.2007

Efni: Frumvarp til laga um fjarskipti, 436. mál, öryggi í fjarskiptum og aukin neytendavernd

Vísað er til bréfs nefndarsviðs Alþingis, dags. 7. febrúar 2007, þar sem óskað var eftir umsögn um ofangreint frumvarp. Með bréfi dags. 3. nóvember sl. óskaði samgönguráðuneytið eftir umsögn við efnislega samhljóða frumvarp, sem þá var í smíðum í ráðuneytinu, og gaf til þess viku frest, sams konar frest og Alþingi gerir nú. Þrátt fyrir þessi þröngu tímamörk skilaði Síminn ítarlegri umsögn til ráðuneytisins með bréfi, dags. 13. nóvember 2006. Fylgir umsögn Símans bréfi þessu. Í ljósi þess að engar efnisbreytingar hafa orðið á frumvarpinu milli umsagnarbeiðna vísast að öllu leyti til sjónarmiða Símans í fyrri umsögn.


Að auki kýs Síminn að áréttu sjónarmið og lýsa sérstakri andstöðu við áform 4. gr. frumvarps um að óheimilt verði í samningi um fjarskiptaþjónustu að kveða á um lengri binditíma en sex mánuði. Verður að telja fráleitt að leiða slíka reglu í lög í þessum eina geira viðskiptalífsins og þar með mismuna fyrirtækjum gróflega eftir því á hvaða sviði þjónustustarfsemi þau starfa. Væri nær lagi að setja um þetta almenna reglu í lög um þjónustukaup, ef til þess stæðu málefnaleg rök. Auk þeirra sjónarmiða, sem fram koma í bréfi Símans, dags. 13. nóvember 2006, er rétt að benda á eftirfarandi:

Póst- og fjarskiptastofnun hefur boðið út tíðnir vegna þriðju kynslóðar farsíma. Fjarskiptafyrirtæki, sem hyggjast byggja upp þriðju kynslóðar farsímanet, munu leggja hundraði milljóna í fjárfestinguna. Til að örva eftirspurn eftir hinni nýju tækni hafa fjarskiptafyrirtæki um víða veröld verðlagt farsímabúnaðinn hóflega gegn bindingu í viðskipti. Að öðrum kosti sitja neytendur uppi með umtalsverðan stofnkostnað við kaup á símtækinu, sem dregur úr hvata þeirra til kaupanna og þar með útbreiðslu þjónustunnar. Til að greiða fyrir útbreiðslu þriðju kynslóðar þjónustu hefur finnskum lögum nýverið verið breytt gagnert í þessum tilgangi. Áður var hámarks binditími sex mánuðir en er nú tvö ár. Sama regla er í gildi í Þýskalandi, þ.e. hámarks tveggja ára binditími. Í Noregi hefur neytendaumboðsmaðurinn þar í landi talið að samningar um farsímaáskrift sem gerðir eru samhliða kaupum á niðurgreiddum sínum, megi að hámarki gilda í eitt ár.

Það skýtur verulega skökku við, að um svipað leyti og sex mánaða reglan er afnumin í Finnlandi skuli ætlunin að innleiða hana hér á landi. Gengur þetta aukinheldur þvert gegn þeirri viðskiptavenju, sem þekkist víðs vegar um heim, að verðleggja farsíma með hóflegum hætti gegn bindingu í viðskipti.

Með vísan til þessa, og þeirra raka sem fram koma í bréfi Símans, dags. 13. nóvember 2006, er skorað á samgöngunefnd að gera þá breytingu á 4. gr. frumvarps, að sex mánaða hámarksbinditími falli niður. Verði talið nauðsynlegt að hafa einhvers konar hámark á gildistíma samninga sýnist a.m.k. nauðsynlegt að rýmka það upp í 12-24 mánuði, sbr. fordæmin hér að ofan. Þá er einnig nauðsynlegt að taka fram í lagatexta, að átt sé við samninga við áskrifendur á einstaklingsmarkaði, enda gilda sjónarmið um neytendavernd ekki í fyrirtækjamarkaði, sem lýtur allt öðrum lögmálum.

Virðingarfyllst,
f.h. Símans hf.,



Páll Ásgrímsson, hdl.

Meðfylgjandi: Bréf Símans til samgönguráðuneytis, dags. 13. nóvember 2006.

Samgönguráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Símans um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjarskipti

1.0. Almennar athugasemdir

Vísað er til bréfs samgönguráðuneytisins sem barst Símanum hf. 6. nóvember sl., vegna draga að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjarskipti nr. 81/2003. Í bréfinu er þess óskað að athugasemdir berist fyrir 11. nóvember sl. Lítið er svo á að átt sé við næsta virka dag eftir 11. nóvember.

Síminn gerir athugasemdir við hversu skammur frestur er veittur til að skila inn umsögn. Fyrir vikið gefst ekki nægilegur tími til yfirferðar yfir frumvarpsdrögin sem kann að leiða til þess að lagasetningarferlið verður óvandaðra en ella. Af þessum sökum er gerður fyrirvari um að Síminn kunni að gera frekari athugasemdir og koma að nýjum sjónarmiðum verði frumvarpið lagt fyrir Alþingi.

2.0. Athugasemdir við einstakar greinar

Hér á eftir fara athugasemdir Símans við þau ákvæði frumvarpsdraganna sem Síminn sér helst ástæðu til koma á framfæri á þessu stigi.

2.1 Athugasemdir við 1. gr.

Síminn telur skilning ráðuneytisins sem fram kemur í 14. tl. 3. gr. fjarskiptalaga ekki í samræmi við rammatilskipun ESB nr. 2002/21/ESB. Virðist þar lagt að jöfnu aðgangur að interneti (internettenging) og internetþjónusta. Virðist þetta gert í því skyni að hækka stofn til rekstrargjalds. Með aðgangi að interneti er átt við þjónustu eins og t.d. ADSL sem gerir internetaðgang mögulegan. Internetþjónustan sem liggur þar ofan á er hins vegar ekki fjarskiptaþjónusta í skilningi tilskipunarinnar eins og lesið verður út úr skilgreiningu í c. lið 2. gr. rammatilskipunarinnar, enda felur hún ekki í sér flutning á merkjum heldur er það ADSL tengingin sem gerir flutninginn mögulegan.

Er því lagt til að byggt verði á skilgreiningu í rammatilskipuninni¹ í stað þess að styðjast við óljóst orðalag í inngangsorðum tilskipunarinnar enda eru inngangsorð tilskipana almennt ekki talin vera réttur grundvöllur lagasetningar heldur ber að styðjast við meginmál þeirra.

¹ C. liður 2. gr. rammatilskipunar nr. 2002/21/ESB er svohljóðandi: „...electronic communications service means a service normally provided for remuneration which consists wholly or mainly in the conveyance of signals on electronic communications networks, including telecommunications services and transmission services in networks used for broadcasting, but exclude services providing, or exercising editorial control over, content transmitted using electronic communications networks and services; it does not include information society services, as defined in Article 1 of Directive 98/34/EC, which do not consist wholly or mainly in the conveyance of signals on electronic communications networks;“.

Síminn

2.2 Athugasemdir við 4. gr.

Síminn fagnar ákvæði um að flutningur viðskiptavina milli fyrirtækja gangi greiðlega fyrir sig. Í úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 3/2005 kom t.a.m. fram að brýnt væri að Póst- og fjarskiptastofnun setti reglur um uppsagnir og áskriftir á ADSL þjónustu næðu fjarskiptafyrirtæki ekki saman um slíkar reglur. Töluvert hefur verið um það að samkeppnisaðilar Símans hafi flutt viðskiptavinum frá félaginu gegn vilja þeirra. Það tjón og óþægindi sem bæði áskrifandinn og Síminn verða fyrir vegna sambandsleysis og vinnu við að koma viðskiptavinum aftur í samband hefur hingað til ekki verið bætt af því fyrirtæki sem flytur áskrifanda án þess að hafa aflað samþykkis hans fyrir flutningnum. Síminn hefur um langt skeið óskað eftir því að Póst- og fjarskiptastofnun setti reglur um annað en númeraflutning og er því fagnaðarefni að til standi að bæta úr því neytendum til heilla. Í ljósi framanritaðs er lögð til orðalagsbreyting á lokamálslið 4. gr. frumvarpsins í þá veru að í stað orðanna „getur sett“ komi „skal setja“ til að tryggja að reglur um uppsagnir og áskriftir liti dagsins ljós. Nauðsynlegt er að kveða á um skyldu Póst- og fjarskiptastofnunar í þessu samhengi. Má í því sambandi nefna að í 60. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 er ákvæði sem er að stofni til úr lögum 107/1999, þess efnis að Póst- og fjarskiptastofnun setji reglur um innanhússfjarskiptalagnir. Nú 7 árum síðar hefur stofnunin ekki enn sett reglurnar sem hefur verið afar bagalegt og það þrátt fyrir ótal ítrekanir af hálfu Símans.

Hvað varðar nýtt ákvæði um að hámarksbinditími viðskiptasamnings skuli vera 6 mánuðir telur Síminn þann tíma vera of knappan. Ekkert liggur fyrir um það að lengri binditími en 6 mánuðir hafi verulega hamlandi áhrif á samkeppni auk þess sem þær takmarkanir á samningsfrelsi sem hér eru lagðar til þekkjast ekki í öðrum atvinnugreinum. Rökstuðningur fyrir nýmælinu er mjög knappur og ekki er kunnugt um að sambærilegt ákvæði sé í lögum annarra ríkja á EES-svæðinu. Á fjarskiptamarkaði hefur það tíðkast hjá flestum fyrirtækjum að viðskiptavinir hafa fengið búnað án þess að greiða aukalega fyrir hann gegn því að binda sig í viðskipti í eitt ár. Ljóst er að mun erfiðara verður að réttlæta slík kjör ef binditíminn getur einungis verið 6 mánuðir og má því leiða líkum að því að ákvæðið kunni að stuðla að verðhækkun gagnvart neytendum sem myndu þurfa að fjárfesta sjálfir í búnaði og tækjum sem hefur fylgt með í kaupunum í mörgum tilvikum hingað til. Þannig fer ákvæðið gegn markmiðsákvæði 1. gr. fjarskiptalaganna um að fjarskiptaþjónusta skuli vera ódýr.

2.3 Athugasemdir við 5. gr.

Verði tillaga 5. gr. frumvarpsdraganna að lögum lítur Síminn svo á að viðskiptavinir í talsímaþjónustu eigi rétt á að fá sundurliðun á einstökum símtölum án endurgjalds. Það hreyfir hins vegar ekki við rétti fjarskiptafyrirtækja til að innheimta kostnað við útsendingu reikninga með seðilgjaldi.

2.4 Athugasemdir við 6. gr.


Síminn gerir athugasemd við hugtakanotkun í 6. gr. frumvarpsins. Hugtakið IP-fjarskiptaþjónusta er hvorki skilgreint í fjarskiptalögum né fjarskiptaregluverki EES. Sýnist því óþarft að bæta IP fyrir framan heldur ætti að duga að tala einungis um fjarskiptaþjónustu. Er það í samræmi við nálgun fjarskiptalöggjafar ESB um að eftirlit með fjarskiptastarfsemi skuli vera óháð þeirri tækni sem notuð er til að veita fjarskiptaþjónustu.

Síminn

2.5 Athugasemdir við 9. gr.

Síminn hefur sett sér öryggisstefnu og telur því að félagið hafi nú þegar uppfyllt fyrirætlanir skv. 9. gr. frumvarpsdraganna. Orðalag ákvæðisins er þó nokkuð opið en þess er vænst að Póst- og fjarskiptastofnun gæti hófs í eftirliti og leggi ekki á kostnaðarsamar og umfangsmiklar kvaðir á grundvelli ákvæðisins. Að því gefnu gerir Síminn ekki athugasemdir við innihaldið.

Virðingarfyllt,
f.h. Símans hf.,



Hallmundur Albertsson, hdl.